AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella, nr. 856, 28. nóvember 2000.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella er taki gildi 1. ágúst 2001.

Allt vatn skv. 4. gr. sem selt er samkvæmt mæli hækki um	4,0%
Öll önnur gjöld hækki um	4,9%

Iðnaðarráðuneytinu, 18. júlí 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Atli Freyr Guðmundsson.

GJALDSKRÁ

Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja láta hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi þeirra, í té vatnsmagn sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Bæjarveitur Vestmannaeyja, og hitafletir séu nægilega stórir að dómi bæjarveitna.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli:

	Kr.
Heimili	70,45
Önnur notkun	110,83

fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Bæjarveitum er heimilt að selja afnot vatnsins á grundvelli orku- og rennslismælingar. Greiðist þá:

	Kr.
Heimili	1,17
Önnur notkun	1,84

fyrir hverja kílowattstund samkvæmt orkumæli og